

Lög Ungmennafélagsins Glóa (2019)

1. grein

Félagið heitir Ungmennafélagið Glói, skammstafað UFG. Heimili og varnarþing félagsins er Fjallabyggð.

2. grein

Markmið félagsins eru:

- að standa fyrir æfingum í ýmsum íþróttagreinum og stuðla að alhliða íþróttaiðkun
 - að auka áhuga félagsmanna á hverskonar félags- og tómsfundastarfi
 - að vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og annarra skaðefna
 - að vinna að markmiðum og stefnuskrá UMFÍ með kjörorðinu "Íslandi allt"

3. grein

Markmiðum sínum hyggst félagið ná m.a. með fundahöldum, námskeiðum, íþróttæfingum, blaðaútgáfu, félagsstarfi og ýmiskonar framkvæmdum sem bestar þykja á hverjum tíma.

4. grein

Félagið er myndað af sérstöku félagatali.

5. grein

Félagsmaður er hver sá sem uppfyllir eitt af eftirtöldum atriðum:

1. Allir sem gangast undir lög félagsins og markmið þess.
2. Stundar æfingar eða keppir á vegum félagsins.
3. Hefur sótt um inngöngu í félagið.

6. grein

- Iðkandi telst hver sá 18 ára og yngri sem stundar íþróttir hjá félaginu.

7. grein

Merki félagsins er - sjá mynd.

8. grein

Aðallitir í keppnisbúningi félagsins skulu vera blátt og hvítt. Búningurinn skal vera auðkenndur félaginu.

9. grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn: Formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Stjórn skal kosin skriflega á aðalfundi. Jafnframt skal kjósa á aðalfundi 2 skoðunarmenn reikninga.

10. grein

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir 15. mars hvert ár. Til aðalfundar skal boða með minnst 10 daga fyrirvara og er hann lögmætur sé löglega til hans boðað.

Stjórnin situr í heilt ár og skal miðað við að hún hefji störf eftir aðalfund. Reikningar félagsins miðast við almanaksárið.

Á aðalfundi skulu mál tekin fyrir í þeirri röð sem hér segir:

1. Formaður setur fund.
2. Kosnir fastir starfsmenn
3. Skýrsla stjórnar lögð fram
4. Skoðaðir reikningar lagðir fram
5. Umræða um skýrslu. Afgreiðsla reikninga.
6. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum.
7. Aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar.
8. Atkvæðagreiðslur um tillögur.
9. Kosning stjórnar og skoðunarmanna.
10. Önnur mál.
11. Fundargerð lögð fram til samþykktar.
12. Fundarslit

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum allra mála.

11. grein

Félagsfundur skal halda svo oft sem þörf krefur.

12. grein

Lögum þessum má breyta á aðalfundi og þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða til þess að lagabreyting sé lögleg.

13. grein

Stjórn félagsins ber að gæta hagsmuna þess í öllum greinum. Hún **hefur umráðarétt** yfir eignum þess **og framfylgir ákvörðunum aðalfundar** Stjórn skal sjá til þess að allir sjóðir félagsins ávaxtist í banka eða sparisjóði. Stjórn hefur úrskurðarvald í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma innan félagsins og til hennar er skotið.

14. grein

Umf. Glói er aðili að UÍF, ÍSÍ og UMFÍ og er félagsmönnum skylt að virða lög þeirra.

15. grein

Til að félagið verði lagt niður þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Verði félagið lagt niður þá skal afhenda eitur þess Ungmenna- og íþróttasambandi Fjallabyggðar til varðveislu.

